

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/814
komudagur 11.2.2009

Alþingi, allsherjarnefnd
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2009 02-2009020622

T-ums 03/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun - 275. mál, þskj. 494 - Greiðsluaðlögun sérlög.

Ríkisskattstjóri hefur þann 6. febrúar 2009 mótttekið tölvupóst yðar þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun - 275. mál, þskj. 494.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði sérstök lög um greiðsluaðlögun en með því er átt við að skuldari (eingöngu einstaklingar) verði leystur undan tilteknum fjárhagslegum skuldbindingum sínum. Skilyrði greiðsluaðlögunar eru þau að um varanlega greiðsluferfiðleika sé að ræða og að ekki sé fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Þá má bú viðkomandi skuldara hvorki vera undir gjaldþrotaskiptum né heimild til nauðasamninga verið fengin. Þá kemur fram að viðkomandi einstaklingur megi ekki vera í umfangsmiklum atvinnurekstri.

Umrætt frumvarp er að mörgu leyti keimlíkt tveimur öðrum frumvörpum sem lögð hafa verið fram sbr. þskj. 497 og 507. Ríkisskattstjóri hefur í dag sent allsherjarnefnd umsagnir sínar vegna þeirra frumvarpa og leyfir sér að vísa til þeirra.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra

Guðrún J. Jónsdóttir Ingvar J. Rögnvaldsson